



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 476

Húsfélagið Háaleitisbraut 26-30

Reykjavík

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 476

Húsfélagið Háaleitisbraut 26-30

Formáli

Húsin voru byggð byggt af Byggingarfélagi Reykjavíkur 1965. Húsfélagið Háaleitisbraut 26-30 í Reykjavík var stofnað 1966.

Húsið var teiknað af Sigvalda Thordarson arkitekt en byggingu þess lauk ári eftir andlát hans. Húsið hefur ætíð verið málað í einkennislitum Sigvalda, karrýgulum, dökkbláum og hvítum. Við viðgerðir og viðhald á húsinu hefur verið leitast við að halda í höfundareinkenni hans, enn eru felligluggar í húsinu svo dæmi séu nefnd. Svanhildur Halldórsdóttir sem bjó í íbúð á 4. hæð til hægri Háaleitisbraut 30 og var í byggingarfélaginu sem byggði húsið var alla tíð afar virk í starfi húsfélagsins en hún flutti úr húsinu í nóvember 2010. Maður hennar var gjaldkeri hússins lengi framan af.

Fyrstu áratugi húsfélagsins var gjaldkeri með aðstöðu í litlu herbergi í kjallara hússins og þangað komu íbúar hússins til að borga hússjóðsgjöld í peningum um hver mánaðarmót.

Húsfélagið hefur alla tíð átt kjallaraíbúð í Háaleitisbraut 26 sem leigð hefur verið út. Húsfélagið á einnig herbergi í kjallara sem leigt hefur verið íbúum og er þá gjarnan unglingurinn í fjölskyldunni með aðstöðu þar.

Byggingarfélag Reykjavíkur byggði húsið á sínum tíma. Menn urðu félagar í því með því að kaupa íbúð í húsinu. Því var fleygt að aðallega hefðu búið Framsóknarmenn og kommúnistar í húsinu framan að. Það getur hafa átt við rök að styðjast en Sigvaldi starfaði hluta síns starfsferils hjá Sambandinu en var vinstrimaður.

Húsfélagið á Háaleitisbraut 26-30 var eitt þeirra fyrstu í götunni til að gróðursetja tré á lóðinni við húsið sem er mjög stór. Birki varð þar fyrir valinu. Jónas Jónsson, búnaðarmálastjóri var einn af íbúum hússins og beitti sér fyrir ræktun lóðarinnar ásamt fleiri íbúum, meðal annars Svanhildi Halldórsdóttur.

Mikið af upprunalegum íbúum bjuggu í húsinu lengi framan af en voru flestir fluttir út um 2010.

Bílskúrar voru byggðir við húsið 1974.

Afhent: Albínu Huldu Pálsdóttur í apríl 2012

Tímabil: 1966-2010.

Innihald: Fundargerðir, bréfa- og málafn, sjóðbækur og bókhald o.fl.

Skjalaskrá

Askja 1

Örk 1

Aðalfundargerðir Húsfélagsins 2001, 2003, 2006 með rekstrarreikningi og fundarboði, 2007 og 2009.

Ársreikningar 2006, 2007, 2010.

Skýrsla um úttekt og tillögur um endurbætur á hitastýringu að Háaleitisbraut 26-30 o.fl.

Örk 2

Málafn 1982-1992. Eignaskiptasamningur og bréf varðandi hann, launamiðar, húsaleiga, erindi frá byggingafulltrúa ásamt uppdráttum, um rafmagnsnotkun, frystikistur, hússjóður, skuldir íbúa, bréf til íbúa vegna notkunar sameignar viðhald hitakerfis og húss, málun, hitakerfi, garðsláttur o.fl.

Örk 3

Málafn 1990-2001: Reglur um sambýlishætti fyrir Háaleitisbraut 26-30. í ágúst 1990

Fylgiskjöl, tilboð vegna jarðvegsskipta og frágangs.

Sundurliðun á sameiginlegum kostnaði, um frystikistur, breiðbandið, reikningar.

Um rafmagnsnotkun, loftnetslagnir, húsgjöld, leigusamninga, endurnýjum anddyris,

Rekstrarreikningur ársins 2000, orðsending vegna bankareikninga, uppdrættir, fylgiskjöl o.fl.

Örk 4

Málafn – fjármál: Bréf m.a. vegna bílastæða, vinnu við glugga, gler og hurðir, tilboð.

Rekstrarreikningur árána 2000 og 2005.

Rekstraráætlun fyrir árin 2005, 2006 o.fl.

Örk 5

Rekstrar- og efnahagsreikningar frá upphafi 31.12.1966 til 2001, sundurliðanir á sameigilegum kostnaði.

Viðskiptamannabók 1991-1996, íbúar sameignarinnar.

Askja 2

Örk 1

Bókhald - fylgiskjöl 1997.

Örk 2

Bókhald - fylgiskjöl 1998.

Askja 3

Viðskiptamannabók 1997-1999.

Örk 1

Bókhald - fylgiskjöl 1999.

Örk 2

Bókhald - fylgiskjöl 2000.

Örk 3

Bókhald-fylgiskjöl 2001.

Örk 4

Fjármál: bókhald- fylgiskjöl 2010.

Ársreikningar 2009 og 2010.

Verktílböð í garðslátt, um vatnstjón, sorphirða o.fl.

Háaleitisbraut 26-30: Hitalagnir verk nr. 61.17 mars 1993.

Háaleitisbraut 26-30: Hreinlætislagnir verk. nr. 61.17, mars 1993?

Utan Öskju

Sjóðbók: 1992-1996.

Sjóðbók: 1997-1998.

Skráð í mars 2013,
Guðjón Indriðason